



Forsætisnefnd

***Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að festa í sessi tilraunaverkefni um óundirbúnaðar fyrirspurnir á fundum borgarstjórnar - umsögn.***

Á fundi forsætisnefndar 11. júní sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Forsætisnefnd samþykkir í ljósi þess að óundirbúnaðar fyrirspurnir hafa ekki verið dagskrárliður á fundum borgarstjórnar frá því tilraunatíma með þær lauk um síðustu áramót og góðrar reynslu af dagskrárliðnum verði hann festur í sessi og gerður varanlegur. Lagt er til að dagskrárliðurinn verði tekinn upp með sama fyrirkomulagi og var á tilraunatímabilinu og verði 1. liður á dagskrá borgarstjórnarfunda. Samþykktum borgarstjórnar verði breytt til samræmis við það. Samþykkt þessi taki gildi í september á þessu ári.*

Tillögunni var frestað.

Á fundi forsætisnefndar 29. janúar sl. var lögð fram tillaga sama efnis frá fulltrúum Sjálfstæðisflokksins og var felld. Í ljósi þess hefði forsætisnefnd átt að vísa tillögunni frá við framlagningu hennar 11. júní sl. Er mælt með því að það verði gert nú.

Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar

